

bírta

á leið inn í vorið

KITSCHFRÍÐUR
» gamlir hlutir kveikja
nýjar hugmyndir

ERNA OG ELLEN
» vinna í smáatriðunum

MAGNÚS GEIR
» striðni leikhússtjórinn

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
5. maí - 11. maí

L'

R



CLAUDIA SCHIFFER

E A L
PARIS

DERMO-EXPERTISE

Fyllir upp og dregur úr hrukkum, hvern dag.

COLLAGEN FILLER WRINKLE DE-CREASE

NÝTT ÖFLUGT HRUKKUVARNARKREM.



Fylling í hrukkurnar frá yfirborði húðarinnar



Hrukkurnar sléttast

- Fyllir strax upp í hrukkurnar.
- Myndar ljósbrotsáhrif þannig að hrukkurnar virðast grynnri.
- Sílikonkennt tvívirkni krem sem fyllir upp í hrukkurnar frá yfirborðinu.
- Lífræn upptaka kollagens í húðinni margfaldar umfang þess allt að 9 sinnum þegar það blandast raka húðarinnar.
- Hrukkurnar sléttast.*

SÖNNUD ÁHRIF:

Sýnilegar hrukkur: **- 20 %** eftir fyrstu notkun**

Færri djúpar hrukkur: **65 %** staðfesta fyllingar-áhrif***

Fáið fleiri ábendingar og góð ráð á www.lorealparis.dk

DERMO-EXPERTISE.
FRÁ ÞEKKINGU TIL FEGURÐAR.

ÞVÍ PU ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

MARKVISS HRUKKUVÖRN FRÁ 35 ÁRA ALDRI.



* Profað í smájártækjum.
** Profað á ramsóknarsöfnu á 39 konum.
*** Profað á 107 konum.

L'ORÉAL
PARIS

PÍANÓ

af öllum stærðum og gerðum



YAMAHA

Yamaha píanó.
Yamaha píanó og flyglar
með og án SILENT búnaðar.
Veldu gæði – veldu Yamaha!

SAMICK

Samick píanó.
Mest seldu píanó á Íslandi!
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 357.000 kr.



Goodway píanó.
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 199.000 kr.
15 máð. Vaxtalausar greiðslur.

ESTONIA

Estonia flyglar.
Handsmíðuð gæðahljóðfæri.

STEINWAY & SONS

Steinway & Sons
Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.
Til sýnis í verslun okkar.



Mesta úrval landsins á einum stað!



— H L J Ó Ð F Æ R A H Ú S I Ð —
L e i f u r M a g n ú s s o n

Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • 591 5350



18



14



30



8

Petta helst

- 7** Vorþrófatíð
- 8** Heitt og kalt
- 8** Tíðarandi
- 10** Brennsla Eddu Þórarinsdóttur
- 12** Erna og Ellen vinna í smáatriðunum
- 14** Krassandi tónleikasumar

Viðtal

- 18** Magnús Geir Þórðarson: Leikhús fyrir áhorefndur

Hann hún

- 26** Pasta með vodkasósu
- 30** Hvítir sumarkjólar
- 32** Einn toppur á þrjá vegu
- 34** Gamlir hlutir kveikja hugmyndir
- 36** Brynhildur elur upp
- 36** Börnin spara
- 38** Varist æfingagildrurnar
- 40** Jóhanna segir kynjasögur
- 40** Stjörnuspá
- 42** Hvernig á að muna nöfnin?
- 44** Er fegurðin afstæð?


Í hverju blaði

- 48** Krossgáta
- 51** Sjónvarp næstu viku
- 68** Sudoku



Yfir 50 tegundir af plankaparketi

**Egill
Arnason hf**
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is



Vorprófatíð

Þegar sólin sendir fyrstu geisla vorsins inn um gluggana er fátt jafn erfitt og að halda einbeitingu við próflestur.

Prófin eru í fullum gangi í flestum skólum þessa dagana og eflaust velta margir námsmenn því fyrir sér hvort það sé ekki bara

best að slá öllu upp í kæruleysi og fara út í sólina. Fjöldi námsmanna leitar skjóls á Þjóðarbókhlöðunni þar sem hægt er að skýla sér fyrir lokkandi sólinni á bak við stórar bókahillur og njóta stuðnings annarra námsmanna sem eiga jafn erfitt

með að einbeita sér við lesturinn. Það er huggun harmi gegn að prófatiðin er ekki löng og sumarfríð nálgast óðfluga. Þetta er spurning um að þrauka aðeins lengur, gera sitt besta í prófunum og sóla sig svo án samviskubits að þeim loknum.

| heitt & kalt |

Heitt
Volgt
Hvorki heitt né kalt
Við stofuhita
Ískalt

**AUKIN RÉTTINDI SAMKYNHNEIGÐRA**

Fyrst voru það landslögin sem voru löguð og nú er kirkjan að sjá að sér. Til hamingju Ísland.

**GUITAR HERO** Gleymdu

Buzz og Sing Star. Petta er málid. Leikur þar sem þú færð gítar í hendurnar og átt að spila allt það rokk og ról sem þig lystir.



TRÚBADORAR Þeir geta myndað góða stemningu. Það er hins vegar ekki hægt að setjast niður á fimmtudagskvöldi án þess að fá Hey Jude á fullu blasti í eyrað.

**DEILUR UM SUNDABRAUT**

Stjórnálamenn ættu að hætta þessu skítkasti og einbeita sér að því að vinna fyrir fólk Í landinu, ekki fyrir flokinni sinn.



BIKINI KEPPNIR Stór brjóst og mjó mitti. Það þarf ekki mikið til að selja sjónvarpsefni.



Garðvinna »

Gefandi líkamsrækt

Þeir sem hafa áhuga á garðyrku geta glaðst yfir því að nú geta þeir farið að sinna gróðri og ræktun á ný. Vorið býður upp á ótal yndis stundir í garðinum en jafnframt nokkurt puð - sem er auðvitað gott. Allir vilja brenda aðeins meira svo þeir geti borðað aðeins meira og garðvinnan er fyrirtaks líkamsrækt ef rétt er að staðið. Til að byrja með er hreinsun rusls mikilvægasta verkefnið í garðinum. Ótrúlega gefandi og ekki aðeins gott fyrir garðinn heldur líka sálina.

Veðurkortin » **Úr bláu í rauutt**

Það eru ekki bara refir og rjúpur sem skipta um lit þegar sumarið lætur á sér kræla. Liturinn á veðurkortunum breytist úr bláum í rauðan. Litla strikið fyrir framan hitatölnar hverfur, ef undanskilin er miðjan á Íslandskortunum, og veðurfréttamennir endurheimta öryggið. Loksins geta þeir brosað til okkar fullvissir um að nú sé betri tíð framundan.

Það kann að vera líttill stærðræðilegur munur á 0°C og 1°C en samt sem áður er mikill munur í hugum langþreyttra landsmanna. Rauði liturinn er litur betri tíma, hækkandi sólar og hærra hitastigs. Hann er undanfari þess að bráðum muni tölu-stafirnir verða tveir innan litlu rauðu kúlnanna og þá fyrst er sumarið komið.

Heilsa »

Fögnum fjölbreytileika

Mjóar fyrirsætur er fyrirmyn dir margra, því miður því fáum er eðlilegt að vera svo grannur. Útlitsdýrkun samfélagsins hefur hins vegar valdið því að margir



reyna eins og hægt er að grenna sig, iðulega með slæmum afleiðingum. Á morgun er megrunarlaus dagur, sem er alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átróskunum og

fordóum í garð feitra. Af því tilefni er hvatt til þess að fólk fagni margbreytilegum líkamsvexti og taki fri frá hugsunum um mat, megrun og líkams vöxt.

Pils » **Sumarið er tíminn**

Rósótt pils, mynstruð pils, röndótt pils, hvít pils, rauð pils, allt er leyfilegt í pilsatískunni í sumar. Mikilvægst er að fá sér pils - fyrir konur það er að segja - því ekki er sumarlegt að vera stöðugt í buxum. Pils eru líka þægilegar flískur sem fara vel bæði hversdags og spari. Og svo eru sokkabuxur í tísku og þykkar litríkar sokkabuxur ekki síst. Sem hentar afbragðs vel fyrir íslenskar aðstæður því íslenskt rok er ekki það hlýjasta sem sögur fara af.



AVEDA

the art and science of pure flower and plant essences

Við gefum 300 flöskur!

Kaupir þú sjampó frá AVEDA þá ætlum við að gefa þér **pure abundance hair potion** en það er mótnunarvara sem er í duftformi og inniheldur 160 skammta. Efnið eykur umfang hársins um 17%. **pure abundance hair potion** var mest notað mótnarefnið á New York Fashion Week nú í febúar. Verðmæti gjafar er 2.290 kr.

Fyrstir koma fyrstir fá.



Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir
Hárgreiðslumeistari á Unique

"Fyrir þá sem eru með fingert eða þunnt hár er Pure Abundance sjampóið frá Aveda tilvalið, það eykur umfang hársins án þess að þyngja það."



Pure Abundance

Eiginleikar: Þykkir fingert hár.

Inniheldur Acacia sem eykur umfang hársins.

Friskandi léttur jurtailmur.



Tilboðið gildir á eftirfarandi stöðum:

Aveda Verslun, Kringlunni S: 588 58 77

Unique, Laugavegi 168, S: 552 6789

101 Hárhönnun, Skólahörðustíg 8, S: 551 31 30

Gel-hárstofa, Hverfisgötu 37., S: 551 77 33

Hár Fokus, Eftalandi 26, S: 568 22 40

Samson, Sunnuhlíð 12, Akureyr, S: 462 70 44

Kritik, Austurvegi 34, 800 Selfoss, 482 41 41



brennslan mín ... Edda Þórarinsdóttir, leik- og söngkona

Söngkonur sem hitta beint í hjartastað

Edda Þórarinsdóttur, leik- og söngkonu með meiru, fannst voða gaman að takast á við hið verðuga verkefni, sem brennslan hennar Birtu er. Hún ákvað strax að setja saman brennslu með íslenskum söngkonum en segir að verkefnið hafi tekið þó nokkuð langan tíma. „Ég hefði helst viljað hafa þær tuttugu en söngkonur hafa alltaf verið í sérstöku uppáhaldi hjá mér. Það sem ég hrifst mest af eru blæbrigði raddanna og svo túlkunin, sem verður að vera rafmögnum og blóðheit ef hún á að hitta mig í hjartastað.“ Edda segist alltaf vera að hlusta á tónlist og að almennt séð sé hún alæta á tónlist, allt frá þungarokki og yfir í sinfóníur. Hún segist þó ekki enn vera komin með iPod en segir að það sé á dagskránni.

TRACK 1

Eliza Newman Geirsdóttir samdi Fróða lag í minning Fróða Finnssonar árið 1994. Lagið er á disknum Kold eru kvennararð með Kolrossu krókríandi. Túlkun Elízu er óskaplega áhrifamikil þar sem sársauki, sorg, söknudur og reið takast á.

TRACK 2

Hansa syngur duett með **Röggvi Gísla** úr Perlköfurnum (Au Fond Du Temple Saint) eftir Georges Bizet og í þýðingu Braga V. Skúlasonar. Par leyast svo sannarlega perlur tvær sem glampa og hljóma óaðfínnanlega saman.

TRACK 3

Pórunn Lárusdóttir geislaði í hlutverki Sally Bowles í söngleiknum Kabarett eftir John Kander og Fred Ebb. Sjálf Kabarettlagið söng hún þannig að allt ætlaði um koll að keyra í íslensku Óperunni.

TRACK 4

Björk samdi þetta magnáða lag Um akkeri fyrir rödd og blásarasevit árið 1994. Pessi íslenska útgáfa hefur kannski ekki heyrst um viða veröld, en að mínu mati er hún eitt það fallegasta sem Björk hefur samið. Lagið er sungið á íslensku og er síðasta lag á safndisknum Smekkleysa í hálfu öld.

TRACK 5

Edda Heiðrún Backman hefur alltaf átt sérstakt rými í hjarta mínu sem leikkona og söngkona. Hún hefur túlkad flest hlutverk sín þannig að maður er eiginlega ekki samur á eftir og það er ógleymanleg lífsreynsla. Hún syngur lagið Önnur sjónarmið eftir Hilmar Oddsson þannig að ekki verður betur gert.

TRACK 6

Ólafia Hrönn Jónsdóttir syngur lag sitt og Tómasar R. Einarssonar Kyssikanon aðeigilega. Pessi óborgarlegi mísíksalski flutningar hlýtur að koma öllum í gott skap. Svo hefur Lolla þá snillingu að geta hermt ótrúlega vel eftir söng annarra heimsfrægra söngkvenna.

TRACK 7

Anna Pálína Árnadóttir var engri lík með sína flauelsmjúku rödd. Lagið Nótin er okkar er eftir Dany Brillant og Aðalstein Ásberg Sigurðsson. Anna Pálína söng það á seiðmagnaðan og dulúðugan hátt, en undir niðri kraumaði heit ástin.

TRACK 8

Brynhildur Guðjónsdóttir syngur Edith Piaf lagið Múgurinn (La foule) frábælega vel. Lag og texti er eftir Angel Cabral/Michel Rivgauche en Kristján Þórður Hrafnißsonn þýddi.

TRACK 9

Eivör Þálsdóttir syngur Sofóu unga ástin míni eftir Björgvin Guðmundsson og Jóhann Sigurjónsson á sinn ótrúlega innlifaða hátt. Stundum finnst manni túlkun hennar ekki vera af þessum heimi.

TRACK 10

Diddú syngur Vocalise (Söngur án orða) eftir Sergei Rachmaninoff svo gullfallega að gæsahúðin hríslast niður eftir bakinu.

» birta mælir með...

...GNARLS BARKLEY Lagið Crazy hefur verið að gera allt geðbilað um allan heim að undanförnu en plata þeirra Cee-Lo og Danger Mouse, St. Elsewhere, er engu síðri. Fjölbreytt og óútreiknanleg plata með framandi blöndu soul og hip-hops. Eðalgripur sem á væntanlega eftir að enda ofarlega á mörgum árslistum.



...KVIKMYNDINNÍ INSIDE MAN Bæði Clive Owen og Denzel Washington eru fáránlega svalir í þessari mynd, meira að segja Jodie Foster er líka þínu svöl. Myndin er frekar hæg miðað við að hún ætti að kallast hasarmynd en samt heldur hún manni vel við efnið allan tímann. Ekki láta glepjast af poppuðu sjónvarpsauglýsingunni, myndin er mun betri en auglýsingin gefur til kynna.

...DUKKAH! Dukkah er blanda af hnetum, sesamfræi og sérvöldum kryddjurtum. Algengast er að skera niður snittubrauð eða bagetu og dýfa sneiðunum í einhverja góða ólifuði, síðan ofan í kryddblönduna og þaðan upp í munn. Namminnam. Dukkah fæst í Yndisauka og er til í fjórum mismunandi bragðtegundum sem eru ólíkar hvað varðar hnetur og krydd. Auðvitað má svo prófa sig endalaust áfram með dukkahð en sem partímatur stenst fátt því snúning, bæði hvað varðar fugurð og bragðgæði. Dýfðu þér í dukkah!



NÝTT Dínó sófi

Fyrir alvöru veiðimenn eru uppstoppaðir fiskar eða dýrshöfuð ekki aðeins stofuskraut, heldur vitnisburður um yfirburði mannsins yfir grandalausri og óvopnaðri bráðinni. Ætla má að því stærra sem dýrið er, því meiri sé veiðimaðurinn. Það er því varla hægt að finna meiri veiðimann en þann sem er með beinagrind að risaeðlu í stofunni hjá sér. Eða er það kannski merki um eittihvað allt annað? Hvað sem því líður þurfti fjóra ítaliska hönnuði til að hanna þennan sérstaka „Dínó sófa“ sem sækir lag sitt til hryggjarliða risaeðlu. Sófinn er brúklegur jafnt utan sem innan veggja heimilisins og samanstendur af tveggja sæta einingum sem hver og einn getur raðað eftir sínu höfði. Dínó sófinn er gerður úr umhverfisvænum



og vatnsheldum efnum og hentar því jafnt til nota heima við, í almenningsgörðum, á flugvöllum og öðrum almenningsstöðum. Hann var kynntur á Ítalú í síðasta mánuði og verður vonandi kominn í sölu í öllum helstu húsgagna- og veiðiverslunum áður en árið er liðið.



1. útdráttur
9. maí

Milljónir króna í hverri viku

Allir vinningar
skattfrjálsir

Hringdu núna

561 7757

Kíktu á netið
www.das.is

Bilainnflytjandi

ISABANDIS
BILAINNFLYTJANDI

Aðalvinnningar á einfaldan miða:

6 Hummer H3 jeppabifreiðar
6 vinningar á 5 milljónir hver
20 vinningar á 3 milljónir hver
72 vinningar á 2 milljónir hver
Heildarfjöldi vinninga 26.134

Aðalvinnningar á tvöfaldan miða:

6 Hummer H3 jeppabifreiðar
+ 5 milljónir í skottinu
10 vinningar á 6 milljónir hver
36 vinningar á 4 milljónir hver
Heildarfjöldi vinninga 52.268

Ágóði af Happdrætti DAS rennur til uppbyggingar dvalarheimila aldraðra.

Taktu þátt því þörfin er brýr.

Opið í aðalumboði um helgina frá 10–20. Síminn er 561 7757 eða pantíð á das.is

**773 skattfrjálsar
milljónir á árinu**

HAPPDRÆTTI
das
-vinningur í hverri viku



Texti: STEINPÓR HELGI ARNSTEINSSON MYNDIR: ANTON BRINK

VINNA Í SMÁATRIÐUNUM

Plötusnúðadúettinn Erna Bergmann og Ellen Loftsdóttir hafa á undanfönum vikum kynnt Íslendinga fyrir grásrótinni í íslensku tónlistarlífi í sjónvarpsþáttunum. Bak við böndin sem sýndir eru á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Báðar eru þær sammála um að íslenskt tónlistarlíf fái ekki nógu mikla athygli og vilja bæta úr því.

SVO VIÐ BYRJUM Á BYRJUNINNI, HVERNIG KOM ÞAÐ TIL AÐ PÁTTURINN HÓF GÖNGU SÍNA?

Ellen: Þetta er hugmynd sem við höfum haft í hausnum ákaflega lengi og höfum rætt mjög oft, okkar á milli. Síðan vorum við að reyna að finna út hvernig við ættum að skila henni frá okkur.

Erna: Þá datt okkur í hug að tala við Dóru (Takefusa), því við þekktum til hennar og höfðum unnið með henni áður.

Ellen: Í upphafi vorum við samt einungis að fá upplýsingar hjá henni og spryja hvað við ættum að gera en svo ákvað hún að skella sér í þetta með okkur.

VORUÐ ÞIÐ EKKERT HRÆDDAR VIÐ HINN ALRÆMDA HNAKKA-STIMPIL SEM SIRKUS HAFÐI FENGID Á SIG?

Erna: Nei, hann virkaði frekar meira sem drift-krafturinn í því að við vildum gera þáttinn strax, Okkur fannst íslensk þáttagerð ekki upp á marga fiska.

Ellen: Þannig að þetta var akkúrat tíminn til

þess að byrja með þáttinn. Enda erum við líka að fá góð viðbrögð frá fólk sem hefur verið að bíða eftir þætti eins og þessum.

FINNST YKKUR PÁ ALMENNT ÍSLENSK TÓNLIST EKKI FÁ NÓGU MIKLA UMFJÖLLUN?

Ellen: Mér finnst í raun og veru ekki verið að fjalla nógum mikið um það sem er í gangi, allavega er ekki verið að kafa mjög djúpt ofan í senuna, meira verið að yfirborðinu.

Erna: Fólk þykist líka þekkja allar hljómsveitirnar en svo veit það lítið um hvað er verið að tala um. Margir þekkja nöfnin en vita lítið hvað hljómsveitirnar sjálfar eru að gera. Pað ríkir af mikil yfirborðsþekking á íslenskri tónlist.

HVAÐ Á SÍÐAN AÐ KOMA Í KJÖLFARIÐ Á PESSION FÝRSTU PÁTTARÖÐ, ÆTLIÐ ÞIÐ Á LÁTA PAR VIÐ SITJA?

Erna: Við vonum að við fáum aðra þáttaröð en enn er ekkert komið í ljós. Okkur langar samt að gera meira úr öllu daeminu, halda tónleika og jafnvel að gefa út geisladiska. Við

viljum líka fara aðeins neðar í jaðarinn og fjalla um hljómsveitir sem eru að gera góða hluti en fáir vita um.

Ellen: Já, við getum gert eins og Strákarnir, gefið út DVD og grætt rosalega mikinn pening...

Erna: Skemmtilegast væri ef við gætum farið með þættina til útlanda, þannig að fólk úti í heimi geti kynnt íslenskri tónlist enn betur og ég held að það sé alveg markaður fyrir það. Pangð virðist samt ekki vera nein greið leið, fyrir utan þetta samnorraða skandinávíska sjónvarp, sem Sigurjón Sigvatsson á. Við kannski hrингjum bara í hann...

Ellen: Allir þættirnir voru líka gerðir á svo stuttum tíma og á geðveikum hraða. Næst værum við til í að hafa meiri tíma, helst viku með hverri hljómsveit. Þá getum við fylgt böndunum aðeins eftir, séð hvað þau eru að gera í daglegu lífi og annað slíkt. En það er margt sem má gera betur og við ætlum að halda áfram að vinna í smáatriðunum.



HVAR ER PIITT EGO?

BENSÍN DÍSEL

KVITTUN FYLGIR ÁVINNINGUR!



www.ego.is

Krassandi tónleikasumar

Grasið á komandi tónleikasumri hér á Íslandi virðist ætla að verða afar þétt og alveg einstaklega grænt og gómsætt. Tónleikadagskráin verður þétt og hingað eru á leiðinni margir áhugaverðir tónlistarmenn, bæði gamlir félagar og nýir. Blaðamaður Birtu leit yfir fjölbreyta flóru væntanlegra Íslandsvina.

COCOROSIE, 17. MAÍ Á NASA

Systradúettinn snjalli hefur verið afar vinsæll hjá krúttkynslóðinni síðan fyrsta plata þeirra, La Maison de Mon Reve, kom út árið 2004 en í fyrra kom út Noah's Ark. Hljómsveitin spilar afar minimalíska raftónlist við kynþokkafullan söng. Systurnar notast við ýmis undarleg hljóðfæri og margar útsetningar laga þeirra eru stórfurðulegar. Pó svo að tónlist CocoRosie sé róleg og seydandi má búast við skemmtilegu sjónarspili á tónleikunum.

JOANNA NEWSOM, 16. OG 18 MAÍ Í FRÍKIRKJUNNI

Newsom er einstaklega sérstök söngkona, líka mjög vinsæl hjá hinni tittnefndu krúttkynslóð. Hefur afar undarlega rödd, sem er í senn mjög barnsleg og þínu pirrandi en venst yfirleitt mjög fljótt og breytist úr pirrandi rödd í hjartnæma. Spilar sjálf á hörpu sem gerir tónlist hennar jafnvel enn undarlegri en engu að síður er hún afar forvitnilegur listamaður. Eiginmaður hennar, Smog, mun sjá um upphitun og einnig hin íslenska Slowblow. Reyndar má segja að Smog sé jafnvel enn



Rokk stelpunar í Sleater-Kinney sýndu það og sönnuðu á síðustu plötu að hljómsveitin hefur aldrei verið í betra formi.

stærra nafn í tónlistarheiminum en Newsom en hann spilar fagurt kassagítars-folk-rokk af bestu gerð. Tónleikar sem eiga vafalaust eftir að verða umtalaðir og enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

IAN ANDERSON, 23. MAÍ Í LAUGARDALSHÖLL

Enn ein gamla rokkhetjan sem heimsækir landið. Gamli Jethro Tull söngvarinn mætir væntanlega á svæðið með þverflautuna og góða skapið í farteskinu. Auk þess að mæta með hljómsveit sína munu Reykjavík Sessions Chamber Orchestra og fiðluleikarinn Lucia Micarelli aðstoða fiskeldisbónann geðbekka. Búast má við því að Anderson spili þekkta slagara í bland við nýtt og óþekkt efni.



Casady systur, sem mynda dúettinn Cocorosie, verða væntanlega sætar að vanda þegar þær troða upp á Nasa.

JON SPENCER OG POWERSOLO, 26. MAÍ Á NASA

Jon Spencer er aðalmaðurinn á bakvið hinar goðasagnkennu hljómsveitir Pussy Galore og seinna Jon Spencer Blues Explosion. Núna er Spencer hins vegar aðal skrautfjöðurin í hljómsveitinni Heavy Trash sem spilar groddaralegt rokkabillí. Á sömu tónleikunum munu einnig koma fram danska hasarrokksveitin Powersolo sem hefur áður spilað hér á landi. Þetta verða því sannkallaðir töffaratónleikar.

REYKJAVÍK TRÓPÍK, 2. - 4. JÚNÍ Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Frábært framtak hjá aðilum innan háskólans. Þriggja daga hátíð sem fer fram á sjálfu háskólaplaninu í 12 hundruð fermetra tjaldi. Nú þegar hafa erlendu sveitirnar ESG og Girls



A NEW FRAGRANCE FOR WOMEN



Joanna Newsom heldur tvenna tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík um miðbik mánaðarins.

in Hawaii staðfest komu sína en þegar þetta er skrifað standa viðræður yfir við bresku hljómsveitirnar Supergrass og Ladytron. Auk þessara erlendu hljómsveita munu einnig spila allar helstu hljómsveitir landsins, til dæmis Jakobínarína, Kimono, Apparat Organ Quartet, Bang Gang, Ghostigital og margar fleiri. Hátíð sem hægt er að hlakka til.

SLEATER-KINNEY, 4. JÚNÍ Á NASA

Stelpur sem kunna svo sannarlega að rokka og vel það. Réttara væri reyndar að kalla þessar stúlkur konur því þær eru allar í



Lemmy mætir að sjálfsögðu með rokk-hugarfarið þegar hljómsveit hans Motörhead spilar á Reykjavík rokkar sem að þessu sinni fer fram í Laugardalshöll.

kringum fertugt. Hafa verið starfandi frá því snemma á síðasta áratug en í fyrra gáfu þær út plötuna The Woods sem er í einu orði sagt frábær. Sleater-Kinney spila framsækið og kraftmikið gítarrokk af bestu gerð sem fáir verða svíknir af. Sannkallaður hvalreki fyrir tónlistarunnendur.

ROGER WATERS, 12. JÚNÍ Í EGILSHÖLL

Án efa stærstu tónleikar ársins, a.m.k. það sem af er. Forystumaður Pink Floyd hefur verið að ferðast vítt og breitt um heiminn og hefur venjulega skipt dagskránni sinni í tvennt. Í fyrrí hlutananum spilar Waters brot af því besta frá bæði ferli Pink Floyd og sólóferli sínum. Seinni hlutinn er síðan algjörlega helgaður frægustu plötu Pink Floyd, Dark Side of the Moon, en hann mun flytja verkið í heild sinni.

REYKJAVÍK ROKKAR, 29. JÚNÍ - 1. JÚLÍ Í LAUGARDALSHÖLL

Hátíðin er nú haldin í annað sinn og að þessu sinni eru stærstu nöfn hátiðarinnar án efa The Darkness, David Gray og Motörhead. Auk þeirra munu koma fram á hátíðinni íslensku


sveitirnar HAM, Mínus, Trabant og Ampop. Þó verða vætanlega kynntar á næstu dögum fleiri hljómsveitir en hinn sánski tónlistarmaður Dungen hefur meðal annars auglyst á sinni heimasíðu að hann muni troða upp á hátíðinni.

INNIPÚKINN,

4.-6. ÁGÚST Á NASA

Tónlistarhátið and-útilegu fólksins verður á sínum stað og vætanlega verður hátíðin sú stærsta til þessa. Enn hefur ekkert verið staðfest varðandi listamenn á hátíðinni en þó hefur hljómsveit Dr. Gunna staðfest á myspace síðunni sinni að hún verði á svæðinu.

Hér hefur rétt aðeins verið stíklað á stóru yfir helstu tónleikaviðburði sumarsins og vafalaust eiga fleiri áhugaverðir tónleikar eftir að poppa upp hér og þar. Nú þegar hefur verið rætt um litla tónleikahátið á Borgarfirði eystri í lok júlí og lengi hefur verið í umræðunni að Brian Jonestown Massacre muni heimsækja klakann. Ekkert hefur þó verið staðfest í þeim efnum og því bíðum við bara og vonum. Með lakkandi gengi krónunnar má þó búast við að tónleikamarkaðurinn á Íslandi fari að róast og því eru allir hvattir til að nýta þetta sumar til hins ýtrasta. Miðaverð hefur samt sem áður verið lækka og þeirri þróun ættu allir að fagna.



Roger Waters heldur stórtónleika í Egilshöll, 12. júní, þar sem Dark Side of the Moon verður spilið í heild sinni.

Nytt!

Tapini tapaskex



Gott med salati...



...och bara ett og sér!

Góð og vönduð leiklist fyrir áhorfendur

Viðsnuningur Leikfélags Akureyrar hefur verið ævintýri líkastur. Nær 30 þúsund sýningagestir á leikári hjá leikfélagi í 16 þúsund manna bæjarfélagi. Maðurinn á bak við þessa velgengni er leikhússtjórinn Magnús Geir Þórðarson.

Viðtal TRYGGVI GUNNARSSON
Myndir TEITUR

Leiðin sem Magnús kaus að feta í lífinu var snemma mörkuð. „Ég smitaðist af þessari alræmu leikhúsbakteríu mjög ungur og við krakkarnir í hverfinu stofnuðum leikfélag þegar við vorum 11 ára. Prátt fyrir að við værum bara börn lögðum við heilmikinn metnað í þetta og vildum að þetta væri „alvöru“. Við settum upp nokkrar sýningar, leigðum húsnæði, seldum inn og bjuggum til leiksíðar og auglýsingar,“ segir Magnús. „Ég get hins vegar ekki fest fingur á það nákvæmlega hvænar ég heillaðist af leiklist. Ég fór mikil í leikhús sem barn og var mjög heillaður af þessum galdri, svo ég tali í klisjum. Ég tók þessa ákvörðun sem barn en ófugt við flesta óx ég aldrei upp úr barnsákvörðuninni.“

Svona liðu unglingsárin hjá Magnúsi. Hann átti þátt í að setja upp sýningar í Borgarleikhúsini, Iðnó og Óperunni. Allt áður en hann þreytti samræmuðu prófin. Þegar komið var í menntaskóla breyttist forgangsröðin eillitið. „Ég var bara einu sinni í Herranótt, sem er leikfélag Menntaskólans í Reykjavík, því ég var á kafi í félagslífinu,“ segir Magnús sem gegndi ýmsum embættum innan MR og var meðal annars Inspector Scolae. Þegar hvíti kollurinn var kominn upp stóð Magnús frammi fyrir erfiðu vali. Hvort átti hann að nýta krafta sína á svíðinu sjálfu og læra leiklist, eða verða sá sem ábyrgðina tekur og leikstýrir verkunum? Hann valdi það síðar nefnda og nam leikstjórn við Old Vic Theater School í Bristol. „Ég sannfærðist um að áhugasviðið væri á leikstjórnarlínunni og létt því leikaradrauminn lönd og leið. Ég sé ekki eftir því þótt það kitli einstöku sinum að horfa upp á svíð,“ segir Magnús.

Flestir leikstjórar á Íslandi eru menntaðir leikarar. Þeir söðla svo um og setjast í leikstjórástólinn og miðla þaðan af reynslu sinni og draga fram það í leiklistinni sem þeir vilja sjá. Magnús er því einn af minnihlutnum sem fór beint í brúna og tók við stjórninni. „Það sem er svo heillandi við leikstjórnina er að byrja bara með einfaldar línum á blaði. Síðan þarf að búa til heim utan um verkið og ég hef sérstaklega gaman að þeirri grunnninnu. Ákveðin lína er lögð og svo er leikhópnum boðin innganga. Það er þá fyrst sem kjöt fer að bætast á beinin. Leiðin þarf að vera klár en samt verða allir að hafa pláss til að koma með sitt innlegg. Á frumsýningardag er svo komið heilt kjötstykki,“ segir Magnús. „Stundum þegar ég sit úti í sal og horfi á leikrit sem ég hef sett upp hellist það fer að mig hversu ótrúlegt leikhúsið er. Allt þetta fólk og öll þessi vinna sem hefur farið í að vinna þessa tvo klukkutíma. Hversu vel tíminn og rúmið milli leikaranna er fyllt, allt út frá einhverju sem í byrjun var svo örþunnt og lítið.“

LEIKFÉLAG ÍSLANDS

Fyrstu atvinnusýninguna setti Magnús upp árið 1996 við heimkomuna frá Bretlandi. Hann á því 10 ára leikstjórnarrafmæli í ár. Mikill hugur var í Magnúsi og stofnaði hann ásamt nokkrum öðrum Leikfélag Íslands. Á vegum þess voru settar upp fjölmargar sýningar, flestar í Iðnó. Framtakið vakti mikla athygli á sínum tíma og þótti mörgum sem fullmikil bjartsýni ríkti hjá stjórnendum. Leikfélagið naut engrá opinberra styrkja nema fyrir staka sýningu. Til að byrja með gekk reksturinn vonum framar og Magnúsi leið vel í leikhússtjórástöðunni. „Við settum upp tugi sýninga,

sumar góðar, sumar frábærar, sumar miður góðar og aðrar bara lélegar,“ segir Magnús og hlær.

Aldamótaárið 2000 tók að halla undan fæti. Efnahagurinn fékk vaxtarverki og fólk sá ekki ástæðu til að gleðjast í leikhúsi í sama mæli og áður. „Síðasta rekstrarárið var ljóst að dæmið gengi ekki upp og þá var leikhúsið aflagt. Auðvitað var það erfitt og sárt en þó heilmikill skóli.“ segir Magnús.

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Þegar Leikfélag Íslands lagði upp laupana fór Magnús í víking og aftur var það Bretland sem varð fyrir valinu. Í þetta skipti fór hann til Wales þar sem hann kláraði meistaránam í leikhúsfræði. Því næst lá leiðin í stjórnunarnám í Háskólanum í Reykjavík en 2004 tók Magnús við leikstjórástöðunni hjá Leikfélagi Akureyrar.

Það hafði staðið þó nokkur styr um Leikfélag Akureyrar er Magnús tók við því. Jafnréttisákærur, minnkandi aðsókn og áhugaleysi almennings á starfseminni var að ganga að leikfélagini dauðu. „Ástandið var klárlega ekki gott. Það voru búinir að vera erfiðir tímar og aðsóknin hafði dalað, reksturinn var kominn í þrot og listrænt var leikfélagið í þoku. Ég gekk í það, með mínu nánasta samstarfsfólk, að stokka þetta upp. Við byrjuðum frá grunni í stefnumótuninni og höfðum að leiðarljósi nokkrar einfaldar spurningar. Hvernig leikhús dreymir okkur um, hvaða aðstæður höfum við til að búa það til og hvaða ramma ætlum við að setja okkur?“ segir Magnús Geir.

Út frá þessum hugmyndum var ráðist í uppstokkun frá A til Ö. Þessari uppstokkun fylgdu uppsagnir eðlilega urðu mikil



átök um þær. „Ég var alveg viðbúinn þessum átökum þegar ég var ráðinn. Ég vil samt segja að það er alls ekki svo að þegar nýr leikhússtjóri tekur við þurfi að breyta öllu. En á þessum tíma punkti í þessu leikhúsi þurfti það,“ segir Magnús.

Magnús vildi fá nýjan leikarahóp. Það vantaði að láta ferska vindla blása um leikhúsið eins og Magnús orðar það sjálfur. „Það er hluti af stefnunni nú að regluleg endurnýjun sé á leikhópnum. Lítið leikhús eins og LA þarf á hraðari endurnýjun að halda en stærri leikhús,“ segir Magnús. „Hópurinn þarf líka að vera ferskur, það margskilar sér í dinamík á svíðinu. Þess vegna höfum við valið þá leið að byggja upp leikhóp ungra leikara sem sem tilbúnir eru að vinna mikil og leggja líf og sál í þetta í skamman tíma. Leikhóp sem einungis starfar saman í eitt ár í núverandi mynd.“

Petta fyrirkomuleg hentar yngri leikurum prýdisvel. Þeir þurfa helst á reynsla að halda og af henni fá þeir nóg fyrir norðan. Vegna sýningaskipulags LA er sýnt þétt og mikil, sérstaklega þegar vel gengur. Á þessu leikári hefur hópurinn leikið einar 190 sýningar. Jafnmargar sýningar og meðal leikari leikur á 2-4 árum. „Allir í hópnum eru mikil hæfileikafólk, annars hefði ég aldrei fengið þau norður, en vegna reynslunar fara þau vonandi helmingi betri leikarar héðan,“ segir Magnús.

TILFINNINGALEIKLIST

Verkefnaval LA heppnaðist vel í fyrra og nær fullkomlega í ár. Það er heilmikið púsluspil að raða saman leikárinu þó ekki sé nema um þrjú verk að ræða. Eitt helsta hlutverk leikhússtjóra er að halda utan um þetta púsluspil. Magnús eyðir stórum hluta vinnutímans í að þefa uppi ný verk sem nýst gætu leikféluginu. „Ég hef reyndar ekki haft eins mikinn tíma fyrir þennan þátt og ég vildi vegna leikstjórnaverkefnanna. Ef ég mætti myndi ég bæta við auka degi í vikuna sem ég gæti nýtt í lestur,“ segir Magnús og hlær. „Ég vil hafa verkin kraftmikil og að þau snerti fyrst hjartað og sálina en hugann svo. Við einblínum á nútíma verk sem fjalla um ungtr fólk og látum aðra um klassíkina.“

Verkin eru valin saman og verða að ganga upp hvert á móti öðru. „Það hefði til dæmis aldrei gengið að hafa annan farsa á móti Fullkomnu brúðkaupi en Brúðkaupið og Maríubjallan gengu fullkomlega upp saman. Við viljum einfaldlega fá allan tilfinningaskalann,“ segir Magnús.

Það vill loða við leikhúsheiminn að verkum sé skipt í two flokka. Annars vegar



kassastykki, léttari stykki sem trekkja marga að á kostnað listræns gildis, og hins vegar verk sem einhver ákveður að séu á háu listrennu stigi en ekki nokkur maður kemur að sjá. Leikfélag ætti, samkvæmt þessu, að þurfa að setja upp annars vegar sýningu sem höfðar til áhorfenda í salnum og hins vegar sýningu sem höfðar til listamannanna á svíðinu. Þessu er Magnús ósammála. „Við erum áhorfendaleikhús og eina stofnana-leikhúsið fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Því lítum við þannig á málið að við þjónum mjög stórum hópi. Við fáum opinbert fé og fyrir þessa peninga eignum við að búa til eins góða og vandaða leiklist og mögulegt er fyrir bæði listamennina og áhorfendur. Við getum ekki sagt að við séum að gera góða leiklist þegar engum nema okkur líkar við hana,“ segir Magnús. Magnús gerir sér hins vegar fulla grein fyrir því að ekki eru öll verk jafn líkleg til vinsalda. „Við viljum fyrst og fremst bjóða upp á tilfinningaleiklist sem hreyfir við fólk, fær það til að hleja og gráta. Góður gamanleikur er þannig ekkert verri en góður harmleikur.“

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Það má með sanni segja að Fullkomrið brúðkaup hafi reynst hin fullkomna sýning fyrir LA. Uppsett er á allar sýningar og aukasýningar. 22.000 áhorfendur tala sínu máli. Hvað gerir það að verkum að sýningin er jafn vinsæl og raun ber vitni? „Ég held að það sé vegna þess að verkið er svo nálægt okkur.

Ungt fólk sem er að verða ástfangið, fólk sem er að hætta að vera ástfangið verður ástfangið af einhverjum sem það má ekki og svo framvegis. Við völdum að nálgast þetta einlægt og falla ekki í þá gryfju að leita að slappstykkini. Þess í stað einbeittum við okkur að tilfinningunum. Þá varð þetta svo fynnid Því það var svo stórt hjarta í sýningunni,“ segir Magnús.

Það verður erfitt fyrir Magnús og LA að fylgja þessu leikári eftir. Árið hefur verið langaðsóknamaesta leikár í sögu leikfélagsins. Síðustu ár hafa vinsælar sýningar að sunnan fengið inni í LA en nú er þessu öfugt farið. „Petta mun líklega aldrei gerast aftur og við erum ekki að örvarðta yfir því að toppa eitt né neitt. Á næsta ári verður nýr leikhópur og fjögur ný verk og við höldum bara okkar stefnu. Höldum áfram að gera góð verk og erum einlæg í því sem við gerum. Annars sagði einhver að eðilegt framhald að fullkomnu brúðkaupi hlyti að vera brillant skilnaður,“ segir Magnús og hlær. „Nei, það stendur ekki til að koma með framhald af Brúðkaupi, Maríubjöllu né Hryllingsbúð á næsta ári heldur tökum við fyrir ný, spennandi verk.“

STRÍÐNI LEIKHÚSSTJÓRINN

Magnús er mjög svo stríðinn maður og starfsfólk hans hefur fengið að kynnast því. Á lokaeftingu Hryllingsbúðarinnar ákvað starfsfólk LA að hrekka Magnús hressilega og borga þannig fyrir alla grikki hans í einum ríkk. Klukkutíma fyrir æfingu þustu lögreglu- og slökkviliðsmenninn í leikhúsið með tvær brunnar gínur í eftirdragi. Þeir tilkynntu Magnúsi að fyrirhuguð veri brunaefing í húsinu og rýma þyrfti bygginguna. Magnús var ekki alveg sáttur við að reka ætti alla út og fylla húsið af reyk og hríngdi því í slökkviliðsstjórn. Þar sem hann var með í ráðum harmaði hann að enginn hefði látið Magnús vita en þar sem búið væri að undirbúa æfinguna svo mánuðum skipti væri því miður ekkert hægt að gera án ærlegs tilkostnaðar. Æfingin yrði að fara fram. Til að bæta gráu ofan á svart mætti fréttaritarari Ríkisútvärpsins á staðinn og vildi fá að vita um hvað málið snérist. Magnús hafði engan tíma til að tala við hann og eftir fjölda símtala og svitadropna náði fréttaritarinn loks í skottið á honum og spurði hann af hverju han væri svona stríðinn? „Parna finnst mér andinn í húsinu koma vel fram. Við erum öll náið og öll orðnir góðir vinir og það er gaman í vinnunni og það skilar sér upp á svíðið,“ segir Magnús og glottir. „Pau náðu mér svo gjörsamlega en ég mun ná mér niður á þeim.“



Náttúruborgin Reykjavík

Reykjavík er borg með náttúru, en hún gæti misst náttúruna ef ekki verður rétt á málum haldið. Við vinstri græn eignum okkur draum um að Reykjavík verði til fyrirmynadar á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála.

Til þess að svo megi verða þarf að fléttu græn sjónarmið inn í allar ákvarðanir borgarinnar, viðurkenna gildi grænna svæða í borginni, greiða fyrir umferð gangandi og hjólandi og standa vörð um Reykjanesfólkvang,

-framtíðar útvistarsvæði íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Aukið vægi umhverfismála skilar sér í bættri heilsu og lífsgæðum borgarbúa.

Kjósum framboð með náttúru

vinstri græn - hreinar línur



Fagleg og lögleg þjónusta í boði

Löggild menntun snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og förðun og rétta og örugga húðmeðferð.

Meistara- og sveinsbréf staðfesta að þinn snyrtifræðingur sé með löggild réttindi sem fagmaður. Eru þau sýnileg á þinni snyrtistofu?

Þú ert í öruggum höndum snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga og þú finnur okkur á Meistarinn.is.



*Félag íslenskra
snyrtifræðinga*



101 Reykjavík

Snyrtistofan Ágústa, Hafnarstræti 5, sími 552 9070
SPA fegurð, Laugavegi 96, sími 511 6660
Snyrtistofan Jóna, Tryggvagötu 28, sími 552 5005

103 Reykjavík

Snyrtimiðstöðin - Lancome, Kringlunni 7, sími 588 1990

104 Reykjavík

Snyrtistofan Eygló, Langholtsvegi 17, sími 553 6191

105 Reykjavík

Baðhúsið - snyrtistofa, Brautarholti 20, sími 561 5100
Snyrtistofan Paradís, Laugarnesvegi 82, sími 553 1330

Snyrtistofan Helena fagra, Laugavegi 163, sími 561 3060

Snyrtistofan Gyðjan, Skipholti 50d, sími 553 5044

Laugar Spa snyrti- og nuddstofa, Sundlaugavegi 30a, sími 533 1177

108 Reykjavík

Snyrtistofan Ársói, Efstalandi 26, sími 553 1262

Snyrtistofan Dekurhornið, Faxafeni 14, sími 567 7227

Guinot-MCstofan, Grensásvegi 50, sími 568 9918

109 Reykjavík

Þú um þig snyrtistofa, Lóuhólum 2-4, sími 557 5959

110 Reykjavík

Snyrtistofan Greifynjan, Hraunbæ 102c, sími 587 9310

Kópavogur

Snyrtistofan Rós, Engihjalla 8, sími 554 0744

Snyrtistofan Hrund, Grænatúni 1, sími 554 4025

Snyrtistofan Jóna, Hamraborg 10, sími 554 4414

Snyrtistofan Dís, Smiðjuvegi 4, sími 554 0079

Garðabær

Snyrtistofan Garðatorgi, Garðatorgi 7, sími 565 9120

Hafnarfjörður

Snyrtistofan Carita, Dalshrauni 11, sími 555 4250

Snyrtihornið, Miðvangi 41, sími 552 1200

Snyrtistofan Pema, Dalshrauni 1, sími 555 2215

Snyrtistofan Lipurtá, Staðarbergi 2-4, sími 565 3331

Reykjanesbær

Snyrtistofan okkar, Starmóum 14, sími 421 6352

Snyrtistofa Huldu, Sjávargötu 14, sími 421 1493

Mosfellsbær

GK snyrtistofa, Kjarna - Þverholti 2, sími 534 3424

Norðurland

Snyrtistofan Vita Liberata, Sunnuhlíð 12, Akureyri, sími 468 1588

Gínó snyrtistofa, Hornbrekkuvegi 16, Ólafsfirði, sími 862 0466

Suðurland

Snyrtistofa Ólafar, Austurvegi 9, Selfossi, sími 482 1616

Nudd- og snyrtistofa Lilju, Dynskogum 6, Hveragerði, sími 483 4535

Vestmannaeyjar

Snyrtistofa Ágústu, Hilmissötu 2a, sími 481 2268

Sumarið er komið!



In Wear - Kringlunni
Verð kr. 4.990



In Wear - Kringlunni
Verð kr. 7.990



KISS - Kringlunni
Bolur kr. 3.490, hálsmen kr. 1.490, kross kr. 1.490



In Wear - Kringlunni
Verð kr. 5.990



NEXT - Kringlunni
Verð kr. 2.290

Það er komið sumar og svona á það að vera. Það má finna mikið af vönduðum, fallegum og sumarlegum stutferma-, síðferma- og hlýrabolum í verslunum þessa dagana enda veðrið farið að hlýna tölувart og sölin talsvert lengur á lofti. Mittispeysur verða mikið í sumartískunni sem og skyrtur og bundnir bolir. Doppóttar flíkur fylgja einnig tískustraumnum þetta sumarið og heitir litir eins og rauður og appelsínugulur verða ráðandi ásamt Turkey's bláum.



NOA NOA - Kringlunni
Verð kr. 5.590



In Wear - Kringlunni
Verð kr. 6.990



KISS - Kringlunni
Bolur kr. 3.490, hálsmen kr. 1.490, kross kr. 1.490



Benetton / Sisley - Smáralind
Skyrta kr. 2.995, einnig til í hvítu & svörtu
Bolur kr. 1.495, einnig til í hvítu, svörtu,
grænu og fl.



NEXT - Kringlunni
Verð kr. 3.490



Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Verð kr. 2.490



NEXT - Kringlunni
Verð kr. 3.690

Pasta með vodkasósu

Já, hvort sem þið trúið því eða ekki - vodkasósa. Um er að ræða ítalsk-ameríkska uppfinningu sem sagt er að finnist ekki á Ítalíu! Sósan er í grunninn gerð úr tómatsósu, yfirleitt rjómalögúð, eins og hér, og nóg er af parmesanostinum. Vodkinn gerir sósuna kryddaða og fær hana til að rífa í. Ótrúlega góð sósa. Einu sinni prófað ... getur ekki haett.

Í sósuna þarf þrjá bolla af tómatsósu. Fyrir þá sem útbúa heimalagaða og eiga tilbúna eftir uppáhaldsuppskrift, er um að gera að nota hana.
Hér er fljótlöguð tómatsósa en einnig er

gott að setja í hana hálfu rifna gulrót og einn sneiddan selleristilk. Því má þó sleppa. Fyrir þá sem vilja að sósan rífi duglega í, er gott að nota chilli-pipar í stað pipars þegar sósan er smökkuð til í lokin.

Mýkið lauk og hvítlauk í olíu á pönnu. Hellið tómötunum saman við og hrærið. Hellið soðinu saman við og látið malla á vægum hita í 10-20 mínútur. Því lengur sem sósan fær að malla því betri verður hún.

(Ef þið notið gulrót og sellerí er það mýkt í olíunni með lauknum). Smakkið til með salti og pipar. Athugið að ef tími er til að sjóða sósuna lengur en 10 mínútur þarf að bæta 1/2 bolla af tómötum og 1/2 bolla af soði í uppskriftina. Þegar tómatsósan er tilbúin hellið þið vodkanu saman við og sjóðið sósuna í 20 mínútur á vægum hita. Hrærið reglulega í sósunni á meðan. Hellið rjómanum saman við, takið sósuna af heitri hellunni þegar hún er orðin

heit eftir að rjóminn fór saman við hana. Hrærið parmesanostinn saman við og smakkið til með salti og pipar.

Sjóðið pasta samkvæmt leiðbeiningum. Látið renna vel af því og hellið aftur í pottinn. Hrærið smá sósu saman við pastað í pottinum áður en það fer á hvern disk og hellið þá meiri sósu yfir hjá hverjum og einum. Stráið parmesaností yfir pastað og jafnvél ferskri basiliku áður en rétturinn er borinn fram. Gott brauð getur verið nauðsynlegt fyrir þá sem vilja „sleikja“ upp síðustu sósuslettuna á disknum!



2 msk. ólífuolía
1/2 laukur, saxaður
1 hvítlauksrif
1 1/2 b niðursoðnir tómatar
1 1/2 b kjúklingasoð
salt og pipar

1 b vodki
1/2 b rjómi, við stofuhita
1/2 b rifinn parmesanostur
1/2 tsk. salt
1/4 tsk. pipar eða chilli-pipar

smjor.is



íslenskt smjör
er hrein
náttúruafurð
og gefur betra
bragð!

Hrefna Rósa Sætrán
Íslenskra kökkslandslíðina.



Áfram með **SMJÖR** ið!



SAMEINAD DREIFIKERFI





BYLTING FYRIR ÁHORFENDUR

digital island  Skjáinn



Símann og 365 miðlar hafa gert með sér samning um að báðir aðilar dreifi íslenskum sjónvarpsrásum Digital Íslands og Skjásins. Samningurinn felur í sér jafnan aðgang viðskiptavina þeirra um allt landið að öllum íslensku sjónvarpsrásunum.

Samkomulaginu verður náð í 3 skrefum:

- **15. apríl** mun **SKJÁREINN** nást með Digital Íslandi og Sírkus með Breiðbandi Símans.
- **15. júní** verða allar **opnar sjónvarpsrásrír** Digital Íslands og Skjásins aðgengilegar á öllum kerfum.
- **15. september** verður hægt að senda út **læstar sjónvarpsrásrír** Digital Íslands og Skjásins um öll kerfin.

Mikilvægur áfangi í dreifingu innlends sjónvarpsefnis sem felur í sér mikinn ávinning fyrir sjónvarpsáhorfendur hvar sem er á landinu.



Sanaa Lathan leik-kona sýnir hvers pilsið er megnugt á þessum fallega kjól.



Leikkonan Keri Russel er á rómantískum nótum í sínum kjól.




Lindsey Lohan í léttum kjól yfir leggings. Stóru töskurnar eru áberandi núna sem sjá má.

Hvitir kjólar fyrir sumarið

Sumarið nálgast og hvað er þá meira við hæfi en að bregða sér í ljósan kjól. Hvitt er litur sumarsins - það vita stjörnurnar sem margar hafa látið sjá sig í hvítum kjól undanfarið. Þegar hitnar í veðri þá styttast líka pilsin og leggirnir koma í ljós. Þó að við

á Íslandi þurfum ekki að hafa stórkostlegar áhyggjur af heitum sumardögum þá getum við auðvitað fylgt sumarkjólastrauumnum og keypt okkur hvítan kjól. Enda fáar leiðir betri til að komast í sumarskap en að kaupa eitt stykki sumarkjól.

Myndir: NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES
Texti: SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR



Angelina Jolie lætur ekkert stoppa sig í hvítum kjól og rauðum skóm.



Paris Hilton í afar flegnum og röndóttum vafningskjól.

Chloe Sevigny er ávallt með fingurinn á þúlínunum þegar tíská er annars vegar. Hér er hún í hvítum og svörtum kjól á leið á góðgerðarsamkomu.



Spennandi förðunarnám

Skráning er hafin á summar- og haustnámskeið Förðunarskóla rifka.

Afar lifandi og áhugavert nám sem býður upp á mörg spennandi atvinnutækifær. Förðunarskóli rifka var aður þekktur undir nafni Fördunarskóli NO NAME, hefur nú starfað óslitið í 10 ár. Á þessum tíma hefur skólinn útskrifað yfir 1000 förðunarfræðinga sem margir eru starfandi við fagið og allan þennan tíma hefur skólinn verið í fararbroddi í förðunarkennslu.

Tísku- og ljósmyndaförðun, 14 vikur.

Sumarnámskeið 15. maí 2006. Morguntímar eingöngu.

Haustnámskeið 11. september 2006. Morgun- og kvöldtímar.

Útlitsnámskeið fyrir 13-16 ára.

Næsta námskeið hefst þriðjudaginn 9. maí.

Veldu nám við þitt hæfi:

- Tísku- og ljósmyndaförðun 6 eða 14 vikur
- Kvíkmynda- og leikhúsförðun
- Úðaförðun/brúnkumeðferðir
- Kvöldnámskeið í dag- og kvöldförðun

Ég var búin að vera með þann draum í maganum í mörg ár að fara að læra förðun, bæði til að kunna að farða mig og aðra. Hef haft mikin áhuga á tísku og förðun og fylgist vel með nýjustu straumum. Ég hef verið að starfa síðustu ár við útvarp hjá 365 ljósvalamiðlum og sem sjúkraliði á Landsspítala Háskólasjúkrahús. Skólinn er algjörlega frábær í alla staði, góður andi, frábær aðstaða og kennararnir framúrskarandi á sinu svíði og góðir í mannlegum samskiptum.

Ég er alveg ákveðin að nýta mér þetta nám því áhugi minn liggar á þessu svíði. Ég er búin að setja upp heimasiðuna mariasveins.is þar sem hægt er að skoða myndir af förðunum eftir mig, einnig er ég að setja saman námskeið fyrir konur sem langar að læra að farða sig sjálfa. Svei er ég það heppin að fá að starfa við Förðunarskóla rifka sem leiðbeinandi fyrir stelpur á aldrinum 13-16 ára.

Skólinn er búin að gefa mér mikil og opna mikil af nýjum tækifærum sem ég ætla að nýta.

Maria Sveins



Hafðu samband í síma **565-2300**, sendu póst á:
skoli@rifka.is eða skráðu þig á **www.rifka.is**
rifka, Make-Up School, Hjallabrekku 1, 200 Kópavogi

rifka
cosmetics
MAKE UP
SCHOOL

Texti: TRYGGVI GUNNARSSON

Myndir: VALLI

1 Ein flík 3 - þrír notkunarmöguleikar

Hver kannast ekki við að kaupa rán-dýra flík og nota hana svo örsjaldan. Tilefnið kemur bara ekki. Þess vegna er gott ef flík hefur fleiri en einn notkunarmöguleika. Köflotta flauelsskyrtan á ekki við nema í sumarbústaðnum, rósóttu sjalið gengur bara með rósóttu

kjólnum og silfurskórnir, þú varst bara ekkert að hugsa þegar þú keyptir þá. Þess vegna er ótvíræður kostur ef flík gengur við fleiri en eitt tæki-færi og er ekki algjörlega háð öðrum fatnaði. Birta fékk stelpurnar í Whistles í Kringlunni til að aðstoða

sig og benda á eina flík sem hægt væri að klæðast við þrjú mismunandi til-efni. Í vinnunni, partínu og veislunni. Bolurinn er tvískiptur og því í raun tvær flíkur. Hann kostar 13.990 kr, gallabuxurnar kosta 16.990 kr, pilsíð 13.990 kr og kjóllinn 17.990 kr.



25%

Afsláttur af sumardekkjum

ÞÚ FÆRÐ

sumardekk

Á SÚPER-VERÐI

&

-25%

AFSLÁTTUR AF
vinnu
vlõ smur

&

Ótrúleg
tilboð!

á
Jeppa-
dekkjum



BÍLKÓ - Betri verð!

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



Meira fyrir minna!

Bíll frá kr. **1.950** á dag*

HASSA

Car-rental

Hasso Island - Smiðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0

Tel: **555 333 0**

*Verð er án kilómetragjalds.



Gamlir hlutir kveikja nýjar hugmyndir

Sigríður Ásta Árnadóttir textílhönnuður á sér hliðarsjálf sem hún kallar Kitschfriði. Hún hannar lítrík fót úr ull og endurvinnur til þess gamlar ullanpeysur og teppi.

„Mér hefur alltaf fundist gott að láta gamla hluti kveikja hjá mér hugmynd. Þannig að endurvinnsla höfðar til mínum þó ég sé nú ekki endilega að spá í að vera umhverfisvæn,“ segir Sigríður Ásta sem finnst gott að fá innblástur frá gömlum hlutum sem setja henni að auki skorður til að vinna eftir. „Fyrir nokkrum árum fór ég að fikta með peysu sem ég átti og hafði alltaf farið í taugarnar á mér. Ég henti peysunni í þurrkarann og léti hana hlaupa, svo hafði ég verið að hekla og festi hana einhværn veginn saman,“ segir Sigríður en þó að hún hafi aldrei ætlað sér að fara út í fatahönnun fjölgangi peysunum og hún var beðin að sýna með Handverki og hönnun. Þá var ekki aftur snúið. „Ég var alltaf farin að fá hugmynd að næstu flíð þegar ég lauk þeiri fyrri,“ segir Sigríður Ásta sem fer stundum í Hjálpræðisherinn til að ná sér í gamlar ullanpeysur en auk þess hefur hún endurunnið gömul ullanpeppi, perlustar og hnappa í flíkur sínar.

Ekki alls fyrir löngu var Sigríður beðin að útbúa fót fyrir myndatöku hjá Iceland Review. „Þá tók ég konseptið dálítið myndrænt og bjó til pils úr gömlu ullanarteppi og stækkaði þar mað fatalínuna,“ segir Sigríður en áður hafði hún einungis ætlað að halda sig við peysurnar. Nú eru í fatalínu hennar húfur, kragar, pils og peysur auk þess sem hún hannar fót eftir séróskum. Sigríður Ásta er menntaður textílhönnuður en hefur haft það að aðalstarfi síðustu ár að vera húsmóðir. „Þetta hefur verið meira aukastarf,“ segir Sigríður Ásta glettin en hún hefur samt mikla þörf fyrir að skapa. „Maður heldur geðheisu með því að skapa þegar maður er samansettur eins og ég,“ segir hún hlæjandi en áður en hún hófst handa við fatalínu sína hannaði hún skartgripi og kórónur fyrir brúðir. Flíkur Sigríður Ástu eru mjög líflegar og lítríkar. Hún segir það endurspegla smekk sinn og persónuleika. „Ég hef gaman af hlutum sem eru samansettir úr mörgum áttum,“ segir hún glaðlega.

Föt Sigríðar fást í verslun Rögnu Fróða að Laugavegi 28 á annarri hæð en einnig á vinnustofu Kitschfriðar að Ásvallagötu 20.



NÝJAR BARNAVÖRUR

FRÁBÆR TILBODSVERÐ



bolir kr. 990,-
skyrtur kr. 1.490,-
buxur kr. 1.990,-
zip-off buxur kr. 2.490,-
flíspeysur kr. 1.490,-
bakpokar kr. 990.-
regnbuxur kr. 990,-
regnjakkar fóðraðir kr. 3.990,-
regnbuxur isotex kr. 1.490,-
regnjakkar fóðraðir isotex kr. 2.990,-
sandalar kr. 2.490,-
gönguskór kr. 2.490,-
gönguskór háir kr. 4.490,-
ofl. ofl.

50%

REGATTA
GREAT OUTDOORS™

Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16



ÚTIVIST & SPORT

verslanir / hópa- og fyrtækjajónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

Brynhildur Björnsdóttir
elur upp



Ugo Ehiogu
